

Unglingalandsmót UMFÍ 2021 - tjaldbúðareglur

Mótshaldari leggur til tjaldsvæði fyrir keppenda- og fjölskyldubúðir á mótinu. Á því svæði tjalda aðeins þeir sem eru á vegum þátttökuliða mótsins. Ekki er tekið gjald fyrir að vera á svæðinu en þeir sem óska eftir aðgangi að rafmagni greiða fyrir það kr. 4.000.- þegar greitt hefur verið fyrir aðgang að rafmagni fær viðkomandi sérstaka límmiða. Annar miðinn er settur á framrúðu bifreiðar viðkomandi en hinn á snúruendann við rafmagnskassann. Óskað er eftir að tjaldbúðagestir fari sparlega með rafmagn.

Öll umferð ökutækja á og við tjaldsvæði er bönnuð á tímabilinu kl. 24:00–07:00 nema með sérstakri heimild eftirlitsfólks.

Öðrum en tjaldbúðagestum er ekki hleypt inn í tjaldbúðirnar eftir kl. 24:00.

Kyrrð skal vera komin á í tjaldbúðum kl. 00:30.

Brýnt er ökumenn fari mjög varlega á tjaldsvæðinu og mælst er til þess að bílar séu sem minnst notaðir.

Allar eigur gesta eru á ábyrgð þeirra í tjaldbúðunum.

Brýnt er fyrir öllum að setja sorp í þar til gerð ílát á tjaldsvæðinu.

Hundaeigendur verða að hafa hunda sína í bandi og sjá um að þrifa eftir þá.

Gæsla verður á tjaldsvæðinu allan sólarhringinn meðan Unglingalandsmótið stendur yfir.

Öll neysla vímuefna er að sjálfsögðu bönnuð.

Aðgát skal höfð í meðförum elds. Athugið að aldrei skal setja grill inn í tjald eða fortjald. Þegar tjaldað er eða hjólhýsi/fellihýsi/húsbíll er staðsett á tjaldsvæðinu skulu ætíð vera a.m.k. 3 metrar á milli eininganna.

Brjóti félag/einstaklingur þessar reglur hefur mótshaldari heimild til að vísa viðkomandi af svæðinu.

Neyðarnúmer er **112**